

- 63 Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna.
21. júní Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1961. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ríkisstjórnin skipar í fyrsta sinn samkv. lögum þessum, er til ársloka 1962. Hið nýkjörna bankaráð skal hlutast til um, að stjórn seðlabankans og framkvæmdastjórn viðskiptabankans verði komið í það horf, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Gjört að Bessastöðum, 21. júní 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

64

29. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „200 rúmlesta“ í a-lið 4. gr. laganna komi: 300 rúmlesta.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn 1. veðrétti. Mega lán nema allt að $\frac{2}{3}$ — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og $\frac{1}{3}$ — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán þó nema allt að $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu hlutum — kostnaðar- eða virðingarverðs. Um lán út á eldri skip en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar í hvert skipti. Lengsti lánstími er 20 ár.

Um útborgun lána vegna skipa í smíðum skal ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.